

KJARVAL



VELDU 30% afsláttur

1.280 KR. KG.

Goða lambaframp. sneiðar marineraðar



VELDU 25% afsláttur

1.198 KR. KG.

Goða grisalæris-vöðvar Piri Piri



32% afsláttur

1.698 KR. KG.

Móa kjúklingabringur



898 KR. KG.

Goða lambalæri frosið



25% afsláttur

598 KR. KG.

Kea hangiframp. m. beini



398 KR. PK.

4 stk grillborgarar og brauð



298 KR. PK.

Goða brauðskinka



500 g

198 KR. PK.

Bautabúrs hrásalat eða kartöflusalat



4 x 2 ltr.

499 KR. PR.

Kippa af Coke eða Coke Light



28 stykki

829 KR. PK.

Kassi af Prince Polo



198 KR. PK.

Eðalfiskur brauðsalöt



33% afsláttur

Goði hangialegg



12 x 33 cl. dósir

649 KR. PK.

Coke, Coke Light eða Coke Zero



49 KR. STJL.

Yppy krakkadrykkur



299 KR. KG.

Ferskur



179 KR. KG.

Melónur gular

- Allt fyrir Verslunarmannahelgina -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

Nýir Vestur-Skaftfellingar:

T.v. Eyjólfur Lárus Guðbjörnsson f. 05.02.2007
Foreldrar: Guðbjörn Óli Eyjólfsson frá Eystri-Pétursey og Ingibjörg Jenný Lárusdóttir

Og Ester Glóey Oddsteinsdóttir f. 07.02.2007 Foreldrar: Oddsteinn Heiðar Árnason úr Vík og Sigurborg Ýr Óladóttir frá Klaustri



SMÁAUGLYSINGAR

Minum
á hlutaveltuna
á Kirkjubæjarklaustri,
í félagsheimilinu Kirkjuhvoli
laugardaginn 4. ágúst kl. 14.00

Kvenfélagið Hvöt
og Kvenfélag Kirkjubæjarhrepps.

Þórunn Þórarinsdóttir
fótaaðgerðarfræðingur verður stödd
á hjúkrunar og dvalarheimilinu
Klausturhólum frá og með 9. -11.
ágúst
Tímabantanir í síma 692-6269

Ellikvæði Bólu-Hjálmars

Ævi sína enginn veit
enda fyrir dægur,
ellin margan illan beit,
sem ungur þóttist frægur.
Flestra dvína herlegheit,
þó hárin gráu klæða.
- Mörg er heimsins mæða.
Endurminning einatt sleit
út þegjandi tár
- Mörg er heims mæða og mannaunin sár.

Svei þér, elli, synd og gigt,
svipur er þekktanlegur;
andskotinn á ykkar vigt
út mér bölvann vegur;
blóðið verður þar af þykkt,
þankar vondir hræða.
- Mörg er heimsins mæða.
Aftansöngnum út er klykkt,
en ellikvæðið stár.
- Mörg er heims mæða og mannaunin sár.

29. TBL. 11. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 1. ÁGÚST 2007

Bænhúsið að Núpsstað

Guðsþjónusta verður í bænhúsinu að Núpsstað í Vestur-Skaftafellssýslu sunnudaginn 5. ágúst 2007 og hefst kl. 14:00.

Séra Haraldur M. Kristjánsson prófastur í Vík predikar og þjónar fyrir altari.

Kristján Gissurarson frá Eiðum, leikur á orgel.

Félagar úr kór Prestsbakkakirkju leiða almennan safnaðarsöng.

*

Löng hefð er fyrir guðsþjónustu á sunnudegi um verslunarmannahelgi, í hinu forna bænhúsi að Núpsstað við Lómagnúp í Vestur-Skaftafellssýslu.



Óhætt er að fullyrða að fegurð, látleysi og helgi staðarins láti engan ósnortinn.

Fjölmönnum til guðsþjónustunnar og eigum þar notalega stund.

Séra Haraldur M. Kristjánsson prófastur



Leirbrot og gler



Leirbrot & Gler

Nytjalistmunir í miklu úrvali

Opið alla verslunarmannahelgina kl. 11-19

Um 200 bollar úr bollasafninu einnig til sýnis í galleríinu

Verið velkomin!

Guðrún

Leirbrot & Gler Sími 487 1231 / 849 1224



Pann 1. ágúst 1982 gengu hjónin sem búa á Bakkakoti í Meðallandi í hjónaband og nú eiga þau Silfurbrúðkaupsafmæli eða 25 ára. Þau Torfi Guðmundur Jónsson og Bjarney Elsebeth Sigvaldadóttir Við viljum óska þeim hjartanlega til hamingju með Silfurafmælið og eigið góða og bjarta framtíð saman Ástarkveðjur frá ykkar börnum Áslaugu, Jóhönnu Valdísi, Önnu Maríu, Ólöfu Birnu og Jóni Halldóri og ykkar barnabörnum Agnesi Rut og Emilíu Rós



Aukin áhersla á öryggi barna í bílum

Bílaleigan Hertz og Bílaleiga Akureyrar í samstarfi við Sjóvá Forvarnahúsið og N1 festu nýlega kaup á nokkrum tuga Britax barnabílstóla til að bæta öryggisbúnað barna í útleigubílum sínum og mæta aukinni kröfu um notkun öryggisbúnaðar fyrir börn í bílum.

Í samstarfi við Sjóvá Forvarnahúsið hafa í vor og sumar verið haldin námskeið meðal

starfsmanna Bílaleigu Akureyrar og Hertz bílaleigunnar til að auka öryggi erlendra ökumanna auk þess sem Sjóvá Forvarnahúsið hefur yfirfarið þá barnabílstóla sem notaðir eru og ráðlagt um val á nýjum stólum. Þá mun Forvarnahúsið leiðbeina starfsmönnum um meðferð barnabílstóla á næstunni og gera sérstakar notkunarleiðbeiningar fyrir erlenda ferðamenn sem þeir fá afhentar með barnabílstólunum svo tryggja megi að stólarirnir séu rétt spenntir í bílinn.

Fjöldi barnabílstóla hjá bílaleigunum hefur verið aukinn enda var ný reglugerð um búnað barna í bílum gefin út en sú reglugerð gerir auknar kröfur um verndarbúnað barna (sjá reglugerð nr.348/2007)

Nánari upplýsingar

Einar Guðmundsson

Forstöðumaður Sjóvá Forvarnahússins

s. 844-2023

eg@sjova.is

ALLRAHANDA HÚSRÁÐ KITSCFRÍÐAR

Notið mjúka brauðsneið til að ná upp glerbrotum af gölfinu

Nú til dags velur margt af þessu unga fólki sér eldhústæki með stálklæðingu en kann svo ekkert að þrifa af þeim fingraförin. Ungu fólk, notið barnaolíu til að ná fingraförum af.

Látið það bara eftir ykkur að vera dálítið fínar þótt þið séuð í fríi. Það er ótrúlegt hvað einn góður varalitur og nokkrar aukaflikur til skiptanna gera fyrir mann þegar maður er á þvælingi. Ekki viljum við falla í hóp flís-peysukvennanna ógurlegu sem halda að ef það standi á flíkinni 66°N eða Cintamani þá sé hún nógu svöl til að sleppa megi algjörlega að vera dömuleg og vel tilhöfð.



Verkalýðsfélag Suðurlands auglýsir sumarlokun skrifstofu !

Skrifstofa félagsins að Suðurlandsvegi 3 á Hellu
verður lokað frá og með 25 júlí til og með 13 ágúst.

Opið verður 30, 31 júlí vegna afgreiðslu Launa, sjúkrabóta og styrkja. Þann tíma sem lokað er verður varaformaður félagsins á síma vaktinni og svarar fyrirspurnum í síma félagsins **487 5000**.

Á léttu nóttunum...

Mamma gekk fram hjá herbergi dóttur sinnar og varð nokkuð undrandi að sjá að það var búið að búa um rúmið og taka vel til í öllu herberginu.

Hún sá að það var umslag á miðju rúminu og á því stóð: TIL MÖMMU.

Mjög áhyggjufull opnaði hún umslagið og las skjálfhent bréfið sem í því var.

Elsku mamma. Það hryggir mig nokkuð að þurfa að segja þér með bréfi þessu að ég er hlaupin að heiman. Ég geri þetta svona til að koma í veg fyrir að þið þabbi reiðist mér. Ég hef að undanförunu fundið sterkar tilfinningar til Ahmeds og hann er svo yndislegur þrátt fyrir öll götin, húðflúrin, skeggið og mótorhjólagaðana sína. En það er ekki bara það mamma mín að ég ber svona sterkar tilfinningar til hans því að ég er ólétt og Ahmed segir mér að hann sé svo glaður með það.

Hann er þegar búinn að kaupa hjólhýsi fyrir okkur að búa í og hann er búinn að safna helling af eldivið til að halda á okkur hita í allan vetur. Hann er búinn að segja mér að hann langi til að eignast með mér fullt af börnum og ég er svo

innilega sammála honum með það. Ahmed hefur kennt mér það að marijuana gerir engum illt í raun og veru og ætlar hann að rækta nóg af því fyrir okkur þannig að við munum eiga nóg af því afgang til að skipta á því og kókaíni og E-töflum handa okkur báðum. En ég vona líka að vísindamenn finni fljótlega lækningu á AIDS svo að Ahmed mínum batni, hann á það svo skilið!! En ég bið þig að hafa ekki áhyggjur mamma mín því að ég er nú orðin 15 ára og kann alveg að sjá um mig sjálfa. Þar að auki er Ahmed orðinn þrítugur þannig að hann veit vel hvað hann er að gera. Einhvern daginn ætla ég svo að koma í heimsókn svo að þú getir hitt öll barnabörnin þín.

Þín dóttir Guðrún.

PS: *Mamma, ekkert að ofansögðu er satt. Ég er í heimsókn hjá Siggu í næsta húsi. Mig langaði bara að láta þig vita að það er margt verra í heiminum en einkunnaspjaldið mitt sem er í efstu skrifborðskúffunni. Ég elska þig.*

Láttu mig vita þegar það er óhætt fyrir mig að koma heim.

Félagsferð Sindra 2007

Ferðin verður farin helgina 10.-12. ágúst nk.



Riðin verður "afréttishringurinn" - inn hjá Kerlingardal og niður að Eyrarlandi

Hólf verður fyrir hrossin upp við Reynisbrekku, þar sem hægt verður að koma með hrossin á föstudeginum.

Lagt verður af stað frá Reynisbrekku
stundvíslega kl 10:00 á laugardagsmorgninum.

Sameiginlegur kvöldverður verður svo á Eyrarlandi um kvöldið- þar sem öllum félagsmönnum ungum sem öldnum gefst kostur á að koma.

Nánari upplýsingar og skráningar (bæði í ferðina eða matinn)
eru hjá eftirtöldum:

Atla sími 8694818

Birnu sími 4871369


Hafdísi sími 4871425

Láru sími 8634310

ATH skráningu lýkur miðvikudagskvöldið 8. ágúst!!!

Fyrir hönd hestamannafélagsins Sindra
Ferða og fræðslunefnd

<http://hmf-sindri.bloggar.is/blogg/>



Fótbolti

Það voru aðeins fáeinar mínútur eftir af leiknum. Staðan var jöfn, eitt-eitt. Það leit út fyrir að A-bekkurinn mundi vinna. Markús var í því liði, hann var sá besti í öllum sjöundu bekkjunum. Þegar hann hljóp af stað gat enginn stöðvað hann.

Nú hljóp hann hratt upp völlinn og hrópaði á Óla að sparka knettinum til sín og svo var bara að senda hann beint í netið.

Á sömu stundu flautaði kennarinn. En Markús heyrði það ekki. Eða vildi hann ekki heyra það? Hann þaut áfram og skaut boltanum með föstu skoti beint í markið. Fagnandi lyfti hann upp höndum. En hann lét þær fljótlega falla. Hinir í liðinu glöddust ekki með honum.

Kennarinn náði í boltann í markinu og benti á línuna.

-Það var mark, hrópaði Markús.

-Því miður, Markús, ég er hræddur um að þú hafir verið rangstæður.

-Nei, ég var það ekki, hrópaði Markús reiður, ég skoraði. Þú hefur séð vitlaust. Hann sparkaði reiður í jörðina.

Ég stóð á línunni þegar þú komst hlaupandi en þú varst svo upptekinn af boltanum að þú sást mig ekki, svaraði kennarinn.

- Já, auðvitað passaðir þú línuna og varðst að flauta svo þinn bekkur tapaði ekki, sagði Markús með hæðnistón í röddinni.

- Þetta er nóg Markús! Þú verður að fara af leikvöllum þess sem eftir er leiksins.

Kennarinn var ákveðinn. Markús snéri sér vonsvikinn við og gekk í burtu. Tárin runnu niður kinnar hans. Hann var reiður og leiður. Þetta var óréttlátt. Hann hafði skorað mark.

En samtímis hvíslaði rödd í hjarta hans að kennarinn hefði haft rétt fyrir sér. Það var hann sjálfur, Markús, sem hafði á röngu að standa. Hann gekk í hægðum sínum heim á leið með þróttatöskuna á öxlinni. Hann sparkaði í smásteina á gangstéttinni. Var það til nokkurs að vera góður í fótbolta ef hann gat ekki beygt sig fyrir úrskurði dómarsins? Hann skammadíst sín fyrir framkomu sína. Hvað skyldu

hinir krakkarnir halda um hann? Og hvað hugsaði kennarinn?

Eiginlega líkaði honum vel við þennan kennara. Hann vissi að hann reyndi að vera réttlátur. Auðvitað hafði Markús heyrt flautað, en það var svo erfitt að nota ekki þetta góða færi sem hann var kominn í. Nú var hann búinn að segja kennaranum að hann væri óréttlátur og héldi með öðru liðinu. Hvernig gat hann sagt það?

- Fyrirgefðu. Fyrirgefðu.

Markús snéri sér við en það var enginn sem heyrði það sem hann hvíslaði.

Var hægt að biðja kennara fyrirgefningar? Ætli hann að snúa við og fara aftur í skólann?

Hann hægði enn meira á sér eftir að hann hafði snúið við. Bara að kennarinn væri einn. Og bara að hann væri ekki ennþá reiður.

- Góði Guð, þú verður að hjálpa mér, bað Markús.

Kennarinn var að ganga frá í kennslustofunni þegar Markús kom í skólann.

- Það er gott að sjá sig, ég var einmitt að hugsa um þig. Það er leiðinlegt þegar leikir enda svona.

Markús gekk rólega að kennaraborðinu. Hann var rjóður í andliti og tárin voru að brjótast fram í augum hans.

- Fyrirgefðu mér, kennari, hvíslaði hann. Mér þykir leiðinlegt að ég skyldi haga mér svona illa.

- Það er allt í lagi, sagði kennarinn og klappaði á öxl Markúsar. Þú verður líka að fyrirgefa mér fyrir að reiðast.

Markús leit upp. Nú gat hann brosað aftur. En hann sagði ekkert. Bara nikkaði og fór.

Hann hljóp alla leiðina heim. Hann gat hoppað af gleði.

- Það er naumast þú ert að flýta þér, sagði mamma hans þegar hann hentist inn um dyrnar.

Ég varð aðeins of seinn í dag. - Ég var að tala við Þór, kennarann í B bekknum. Veistu hver hann er? Hann er æðislega fínn kennari, mamma.

Úr norska barnblaðinu Blåveisen.



Rúta lenti í vandræðum á veginum út á Dyrhólaey sl. fimmtudag, er vegkantur gaf sig þegar hún var að mæta fólksbíl, hún var full af erlendum ferðamönnum og sakaði þá ekki en þeir voru í dagsferð frá Reykjavík.

Að björguninni stóðu Dyrhóraeyjarferðir (hjólabátar) og Björgunarsveitin Víkverji í Vík.

Myndir: Jónas Erlendsson

Vitinn á www.sudurland.net